

98.fundur hvefisnefndar Holta- og hlíðahverfis

Haldinn 11.janúar 2017 í Glerárskóla kl.18:00

Mættir eru: Berglind Rafnsdóttir, Helgi Stefánsson og Einar Gauti Helgason. Eiríkur og Páll Árdal fjarverandi.

1. Umsókn um styrk, körfuboltakörfur

Samband hafði við hverfisnefndina foreldrar í Glerárskóla sem hafa mikinn áhuga á að bæta aðstöðu barna í hverfinu og öllu Akureyri til körfuboltaíðkunar úti. Þessir foreldrar óska eftir að gerðir verði á Akureyri við nokkra skóla, helst alla, lögmætir körfuboltavellir. Þeir óska eftir styrk hjá hverfisnefndinni um kaup á körfum. Við fengum myndir með um hvernig körfur væri um að ræða. Nefndin ræddi um að bjóða þessum foreldrum á fund með okkur til að sjá hvernig þeir hafa hugsað sér þetta verkefni. Upp komu margar spurningar þar sem nefndin gerir sér grein fyrir að hver völlum gæti kostað yfir 2.milljónir, fullbúinn. Áætlað er að bjóða þeim að koma á næsta fund hjá okkur í febrúar.

2. Umhverfisfé

Nefndin ræddi um styrk Akureyrarbæjar sem byrjaði á 2.milljónum í 5 ár en fór niður í 1.5 milljónir á síðasta ári og spurning hvað skal gera við féð þetta árið. Fyrir er að klára Seljahlíðarvöllinn okkar og setja hús yfir grillaðstöðuna. Þetta hús var pantað fyrir okkur í desember 2016 af Jóni Birgi Gunnlaugssni, verkefnastjóra umhverfismála. Við höfum áhuga á að setja einnig skilti sem býður alla velkomna til notkunar á grillinu og smá umgengisreglur.

3. Samfundur hverfisnefnda í bænum

Berglind ætlar að senda af stað tölvupóst til allra í hverfisnefnum og óska eftir samfundi. Gott fyrir nefndirnar að hittast og heyra hvað hver er að gera.

4. Bekkir í bænum

Nefndin óskar eftir lista um hvar bekkir til að sitja á, í hverfinu okkar, eru settir yfir sumarið.

5. Fundur um tillögur vinnuhóps um íbúalýðræði

Aldrei varð af þessum fundi og við spyrjum: Hvenær verður þessi fundur?

Fundi lokið um kl.19:00. Fleira rætt en ekki fært til bókunar.

Næsti fundur áætlaður fyrsta þriðjudag febrúar mánaðar.

Ritari: Berglind Rafnsdóttir